

Fundargerð 871. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2019, miðvikudaginn 29. maí kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Raket Óskarsdóttir og Bjarni Jónsson. Í fjarfundarbúnaði voru Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Gunnar Einarsson boðaði forföll en varamaður hans hafði ekki tök á að sitja fundinn.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fyrir fundinn tók stjórnin þátt í verkefninu Komdu að kenna með því að skrifa póstkort til ungs fólks. Póstkortin eru táknræn umgjörð um mikilvægi þess að samfélagið taki höndum saman um að hvetja ungt og efnilegt fólk til að leggja fyrir sig kennslu.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 870. fundar - 1810033SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 870. fundar stjórnar sambandsins frá 11. apríl 2019.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Félagspjónustunefnd sambandsins - 1810074SA

Lögð fram fundargerð 44. fundar félagspjónustunefndar sambandsins frá 9. apríl 2019.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að þegar verði hafist handa við heildarendurskoðun á VI. kafla laga um félagspjónustu sveitarfélaga, sem fjallar um fjárhagsaðstoð. Tilgangur endurskoðunar verði að uppfæra úreltan lagarammann þannig að hann skapi skýra stoð fyrir núverandi framkvæmd fjárhagsaðstoðar, þar sem byggt er á faglegri, vandaðri greiningu á aðstæðum þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem sækja um aðstoð. Félagspjónustan búi yfir fjölbreyttum kostum til þess að mæta ólíkum þörfum, með það að leiðarljósi að framkvæmd fjárhagsaðstoðar hvetji einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, auk þess að valdefla hann og styrkja til sjálfshjálpar, m.a. með því að skapa skilyrði til virkrar samfélagsþátttöku.

Jón Björn kom inn á fundinn kl. 12:20.

3. Fræðslumálanefnd sambandsins - 1810078SA

Lögð fram fundargerð 119. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 10. apríl 2019.

4. Hæstaréttardómur í máli Grímsnes- og Grafningshrepp - 1905014SA

Lagt fram minnisblað samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 23. maí 2019, um dóm Hæstaréttar í máli nr. 34/2018 - Grímsnes- og Grafningshreppur gegn Íslenska ríkinu vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Einnig lagður fram dómur Hæstaréttar.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að náið samráð verði haft við ráðgjafarnefnd jöfnunarsjóðs og sambandið um hvernig staðið verði að uppgjöri á dómkröfum Grímsnes- og Grafningshrepps og annarra sveitarfélaga sem málið varðar. Stjórn sambandsins leggur áherslu á að dómþoli í málinu er íslenska ríkið. Í ljósi niðurstöðu dómsins og forsendna hans er mikilvægt að dómurinn leiði ekki til skerðingar á lögbundnum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til annarra sveitarfélaga. Stjórnin telur jafnframt vert að undirstrika að dómurinn varðar eingöngu jöfnunarframlög sem tengjast annars vegar tekjutapi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti og hins vegar vegna reksturs grunnskóla. Jafnframt leggur stjórnin áherslu á að náið samstarf verði á milli ráðuneytis sveitarstjórnarmála og sambandsins um úrbætur á lagaumhverfi jöfnunarsjóðs sem hafi það að markmiði að eyða óvissu um lagagrundvöll sjóðsins.

5. Aldur leikskólabarna við innritun 2018 - 1903023SA

Lagt fram minnisblað Valgerðar Freyju Ágústsdóttur, sérfræðings á hag- og upplýsingasviði sambandsins, dags. 16. apríl 2019, um aldur leikskólabarna við innritun 2018 - kortlagning. Valgerður Freyja kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir málinu.

6. Launaþróunartrygging - 1803010SA

Lögð fram útfærsla launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013-2018 samkvæmt rammksamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, dags. 16. apríl 2019.

7. Staða mála varðandi skilavegi - 1712014SA

Lagt fram afrit af minnisblaði Vegagerðarinnar til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 8. apríl 2019, um stöðu mála varðandi skilavegi.

8. Efling kosningaþátttöku - beiðni um samstarf - 1904038SA

Lögð fram bókun borgarráðs frá 19. febrúar 2019 þar sem lagt er til að farið verði í samstarf við sveitarstjórnarráðuneytið og Samband Íslenskra sveitarfélaga þar sem farið verður yfir reynslu af verkefnum undanfarinna kosninga til að efla kosningaþátttöku í ljósi ákvörðunar Persónuverndar.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða af stjórn:

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga tekur jákvætt í að sambandið fari í samstarf við Reykjavíkurborg og sveitarstjórnarráðuneytið til að fara yfir reynslu

verkefna sem miða að því að auka kosningabátttöku. Enda er eitt af verkefnum í stefnumörkun sambandsins að beita sé fyrir umræðu meðal sveitarfélaga um hvernig er hægt að auka þátttöku í kosningum.

Eyþór Laxdal Arnalds lagði fram eftirfarandi bókun: Mikilvægt er að farið sé eftir lögum um persónuvernd og fjarskipti þegar kjósendur eru hvattir til að kjósa. Nýlegur úrskurður Persónuverndar frá 7. febrúar 2019 staðfesti að ekki var farið að lögum í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga í Reykjavík.

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir vék af fundi kl. 13:50.

9. Stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga - 1901011SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 27. maí 2019, um Grænbók um stefnu um málefni sveitarfélaga.

Stjórnin hvetur allar sveitarstjórnir að taka Grænbókina til umræðu og senda inn umsögn um málið í samráðsgátt stjórnvalda.

10. Aukalandsþing 2019 - 1904015SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 27. maí 2019, þar sem lagt er til að aukalandsþing sambandsins árið 2019 verði haldið á Grand hóteli föstudaginn 6. september 2019.

Stjórn sambandsins samþykkir að boða til auka landsþings 6. september nk. á Grand hóteli Reykjavík þar sem Grænbók um stefnu um málefni sveitarfélaga verður tekin til umræðu.

11. Bókun skipulagsmálanefndar sambandsins um frumvarp til laga um fiskeldi - 1903029SA

Lögð fram til kynningar bókun skipulagsmálanefndar sambandsins, dags. 27. maí 2019, um frumvarp til laga um fiskeldi, 647. mál.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur brýnt að gjaldtaka af fiskeldismannvirkjum í strandsjó verði með sambærilegu móti og gjaldtaka af fasteignum á landi og að sveitarfélögum verði þar með tryggður sjálfstæður tekjustofn af fiskeldisstarfsemi. Eins og frumvarpið um gjaldtöku vegna fiskeldis í sjó og stofnun fiskeldissjóðs er sett fram, með óverulegum breytingum frá atvinnuveganefnd Alþingis, er löggjafinn að fara gegn tillögum auðlindastefnunefndar frá 2011 og starfshóps um fiskeldi frá 2017.

Jafnframt áréttar stjórn sambandsins að sveitarfélögin hafa um langa hríð lagt áherslu á að skipulag strandsvæða, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar verði á forræði sveitarfélaganna og telur stjórnin miður að á þá afstöðu hefur ekki verið hlustað. Nú er svo komið að sveitarfélögin hafa lítið um það að segja hvernig nýtingu flóa og fjarða er háttað. Eftir sitja sveitarfélögin með umhverfiskostnaðinn og þá áhættu sem fylgir uppbyggingu innviða á þeim svæðum þar sem sjókvíaelði er stundað. Þannig hefur löggjafinn ekki staðið nægilega vörð um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Sambandið mun óska eftir fundi með atvinnuveganefnd um málið.

Eyþór Laxdal Arnalds vék af fundi kl. 14:10.

12. Staða kjaramála - 1902034SA

Lögð fram sem trúnaðarskjöl tvö minnisblöð sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 24. og 27. maí 2019, um stöðu kjaramála.

13. Tilnefning í ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara - 1904028SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 16. apríl 2019, þar sem Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara, og Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

14. Tilnefning í nefnd um aðferðarfræði við útreikning vísitölu neysliverðs - 1904035SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 24. apríl 2019, þar sem Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, er tilnefndur í nefnd um aðferðarfræði við útreikning vísitölu neysliverðs.

15. Tilnefning í velferðarvaktina - 1812038SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 21. maí 2019, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í velferðarvaktina í stað Sigrúnar Þórarinsdóttur, sem látið hefur af störfum hjá sambandinu.

16. Tilnefning í samráðshóp vegna verkefnisins Ráðgjöf og leiðsögn við fullorðna - GOAL - 1511057SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífs ehf., dags. 21. maí 2019, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í samráðshóp vegna verkefnisins Ráðgjöf og leiðsögn við fullorðna í stað Sigrúnar Þórarinsdóttur sem látið hefur af störfum hjá sambandinu.

17. Umsögn um þrjú þingmál til innleiðingar á þriðja orkupakka ESB, mál nr. 782, 791 og 792 - 1904021SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 15. apríl 2019, um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (tilvísun í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku), 792. mál, tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 26/148, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 791. mál og frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun (EES-reglur, viðurlagaákvæði), 782. mál.

Bjarni Jónsson tók ekki afstöðu til málsins á fundinum.

18. Umsögn um frumvarp til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara við leik-, grunn- og framhaldsskóla - 1806034SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 16. apríl 2019, um frumvarp til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 801. mál.

19. Umsögn um tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun við stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands - 1803004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 17. apríl 2019, um tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun við stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

20. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á efnalögum - 1902022SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 23. apríl 2019, um drög að frumvarpi um breytingu á efnalögum nr. 61/2013, 759. mál.

21. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 - 1902031SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 23. apríl 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál (styrking á stjórnsýslu og umgjörð), 758. mál.

22. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni - neyslurými - 1904036SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 24. apríl 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (neyslurými), 711. mál.

23. Umsögn um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald - 1904033SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 24. apríl 2019, um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (stjórnvaldssektir og eftirlit með gististarfsemi), 784. mál.

24. Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum - EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl. - 1805007SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 24. apríl 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 775. mál.

- 25. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum, og öðrum lögum - útvíkkun gildissviðs upplýsingalaga o.fl. - 1901035SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 30. apríl 2019, um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (útvíkkun gildissviðs o.fl.), 780. mál.
- 26. Umsögn um frumvarp til laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga - eftirlit með tekjum ríkisins o.fl. - 1904040SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, dags. 30. apríl 2019, um frumvarp til laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga (eftirlit með tekjum ríkisins o.fl.), 803. mál.
- 27. Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða - 1904022SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 30. apríl 2019, um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál.
- 28. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum - bætt réttarstaða leigjenda við lok leigusamnings - 1904023SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 3. maí 2019, um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum (bætt réttarstaða leigjenda við lok leigusamnings), 795. mál.
- 29. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024 - 1904008SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 3. maí 2019, um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024, 750. mál.
- 30. Umsögn um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur - skattlagning tekna af höfundaréttindum - 1903020SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 6. maí 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekju (skattlagning tekna af höfundaréttindum), 762. mál.
- 31. Umsögn um frumvarp til laga um félög til almannaheilla - 1904024SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 6. maí 2019, um frumvarp til laga um félög til almannaheilla, 785. mál.
- 32. Umsögn um frumvarp til laga um lýðskóla - 1904027SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 6. maí 2019, um frumvarp til laga um lýðskóla, 798. mál.

- 33. Umsögn um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga - 1905003SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 13. maí 2019, um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga, 772. mál.
- 34. Umsögn um drög að frumvarpi um búsetuskilyrði í almannatryggingum - 1905016SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 20. maí 2019, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (ákvörðun réttindahlutfalls örorkulífeyris).
- 35. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022 - 1905002SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar, dags. 20. maí 2019, um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022, 771. mál.
- 36. Umsögn um drög að frumvarp til laga um breytingu á lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016, með síðari breytingum - 1905006SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 22. maí 2019, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016, með síðari breytingum.
- 37. Heildarendurskoðun á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk - 1602064SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og barnamálaráðherra, dags. 10. maí 2019, um heildarendurskoðun á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.
- 38. Hjallastefna ehf. - uppgjör vegna vegna breytinga á A deild Brúar lífeyrissjóðs - 1904010SA**
Lagt fram til kynningar minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 16. apríl 2019, um Hjallastefnu ehf. - uppgjör vegna breytinga á A deild Brúar lífeyrissjóðs.
- 39. Framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar - 1806019SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til NPA miðstöðvarinnar svf., dags. 15. apríl 2019, um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.
- 40. Fundur í tengiliðahópi norrænu sveitarfélagasambandanna um lýðræði og stjórnun - 1511163SA**
Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 27. maí 2019, um fund í tengiliðahópi norrænu sveitarfélagasambandanna um lýðræði og stjórnun í Drammen í Noregi 15.-16. maí 2019.

41. Áskorun til ríkisstjórnar Íslands vegna uppbyggingar ofanflóðavarna á landinu - 1905022SA

Lögð fram til kynningar áskorun til ríkisstjórnar Íslands undirrituð af Aðalheiði Borgþórsdóttur, bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar, Aldísi Hafsteinsdóttur, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, Gunnari Birgissyni, bæjarstjóra Fjallabyggðar, Guðmundi Gunnarssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, Halldóri Halldórssyni, fyrrv. bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og fulltrúa í Ofanflóðanefnd, Hörpu Grímsdóttur, hópstjóra ofanflóðavöktunar á Veðurstofu Íslands, Karli Óttari Péturssyni, bæjarstjóra Fjarðabyggðar, Kristínu Mörthu Hákonardóttur, verkfræðingi og ofanflóðasérfræðingi á Verkís verkfræðistofu, Magna Hreini Jónssyni, verkefnisstjóra ofanflóðahættumats á Veðurstofu Íslands, Magnúsi Jónssyni, fyrrv. veðurstofustjóra, Magnúsi Jóhannssyni, fyrrv. ráðuneytisstjóra og fyrrv. formanni Ofanflóðanefndar, Tómasi Jóhannessyni, ofanflóðasérfræðings á Veðurstofu Íslands og Trausta Jónssyni veðurfræðingi og fyrrv. sviðsstjóra Veðurstofu Íslands, dags. 3. maí 2019, vegna uppbyggingar ofanflóðavarna á landinu.

42. Samkomulag um hlutverk og umgjörð Kjaratölfræðinefndar - 1802010SA

Lagt fram til kynningar samkomulag, dags. 15. maí 2019, milli forsætisráðuneytisins, félagsmálaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, BSRB, Kennarasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og Hagstofu Íslands um hlutverk og umgjörð Kjaratölfræðinefndar.

43. Skýrsla um mat á framkvæmd sóknaráætlana landshluta 2015-2019 - 1604373SA

Lögð fram til kynningar skýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um mat á framkvæmd sóknaráætlana landshluta 2015-2019, dags. í apríl 2019.

44. Ársrit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins 2018 - 1905001SA

Lagt fram til kynningar ársrit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins 2018, dags. í apríl 2019.

45. Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum - 1811007SA

Lögð fram til kynningar stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum.

Fundi var slitið kl. 14:45

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari